

Galgviðr

Burzum

Sat þar á haugi
ok sló hörpu
gýgjar hirðir,
glaðr Eggþér;
gólf hánum
í galgviði
fagrrauðr hani,
sá er Fjalarr heitir.

Gól of ásum
Gullinkambi,
sá vekr hölða
at Herjaföðrs;
en annarr gelr
fyr jörð neðan
sóstrauðr hani
at sölum Heljar.

Geyr nú Garmr mjök
fyr Gniphelli,
festr mun slitna,
en freki renna;
fjöld veit ek fræða,
fram sé ek lengra
um ragna rök
römm sigtiva.

Bræðr munu berjask
ok at bönum verðask,
munu systrungar
sifjum spilla;
hart er í heimi,
hórdómr mikill,
skeggöld, skalmöld,
skildir ro klofnir,
vindöld, vargöld,
áðr veröld steypisk;
mun engi maðr
öðrum þyrma.

Leika Míms synir,
en mjötuðr kyndisk
at inu galla
Gjallarhorni;
hátt blæss Heimdallr,
horn er á lofti,
mælir Óðinn
við Míms höfuð.

Skelfr Yggdrasils
askr standandi,
ymr it aldna tré,
en jötunn losnar;
hræðask allir
á helvegum
áðr Surtar þann
sefi of gleypir.

Hvat er með ásum?
Hvat er með alfum?
Gnýr allr Jötunheimr,
æsir ro á þingi,
stynja dvergar
fyr steindurum,
veggbergs vísir.
Vituð ér enn – eða hvat?

Geyr nú Garmr mjök
fyr Gnipahelli,
festr mun slitna
en freki renna;
fjöld veit ek fræða,
fram sé ek lengra
um ragna rök
römm sigtiva.